

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Auglýsing nr. 582/2000.

1. Almenn

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegumáhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sértækar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu fánlegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.

2. Lóð og húsnæði

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olútanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 35/1994 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

3. Mengunarvarnir

- 3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.
- 3.2 Loftræstingu skal þannig hátað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna fráútbæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.
- 3.3 Upplýsingar um legu og fyrirkomulag frárennslislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólpl.
- 3.4 Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 805/1999 um úrgang eins og við á.
- 3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 656/1997 um varnir gegn mengun af völdum ósoneyðandi efna og nr. 533/1993 um kæli- og varmadælukerfi með ósoneyðandi kælimiðlum, ásamt síðari breytingum.

4. Eftirlit

- 4.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Heilbrigðisnefnd ber ábyrgð á mengunarvarnaeftirliti og framkvæmd þessundir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins. Rekstraraðili greiðir eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá viðkomandi heilbrigðiseftirlits, eins og hún er hverju sinni.